

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Fjarðabyggð.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi hafnarsvæðis fiskihafnar austan Búðarár.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á 387. fundi sínum 21. nóvember 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis fiskihafnar austan Búðarár.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í gildi er deiliskipulag hafnarsvæðis fiskihafnar austan Búðarár samþykkt 21. mars 2013. Einungis er gerð breyting á uppdrætti. Breyting tekur til lóðar við Óseyri 1. Með breytingunni er lóðin stækkuð til suðurs og austurs og fer úr því að vera 3.268,5 m² í 3.487,5 m². Að öðru leyti gilda skilmálar eldra deiliskipulags sem samþykkt var 21. mars 2013. Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Fjarðabyggðar, 29. nóvember 2024,

Aron Leví Beck skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 13. desember 2024